

Fundargerð háskólaráðs
394. fundur fimmtudaginn 31.05.2018 kl. 14
Borgir, R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:00.

Mættir voru auk hans:

Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Sólveig María Árnadóttir fulltrúi nemenda

Forföll boðaði:

Finnbogi Jónasson fulltrúi háskólaráðs
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen starfsmaður og ritari háskólaráðs

Gestir:

Harpa Halldórsdóttir forstöðumaður fjármálasviðs
Hólmar Svansson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 393. fundar

1804011

Fundargerð samþykkt.

2. Fjármál og rekstur

Harpa Halldórsdóttir forstöðumaður fjármálasviðs og Hólmar Svansson komu inn á fundinn. Harpa fór yfir rekstraryfirlit fyrstu fjóra mánuði ársins. Rekstur háskólans í heild sinni er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir.

Harpa kynnti einnig drög að ársreikningi 2017. Breytt fyrirkomulag á framsetningu gagna hjá Fjársýslu ríkisins og er nú í fyrsta skipti

efnahagsreikningur hluti af ársreikningi. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um rúmlega 23,8 milljónir.

Drög að ársreikningi samþykkt og gert ráð fyrir þetta sé grunnurinn að þeim ársreikningi sem kynntur verður á ársfundi háskólans þann 21. júní n.k.

3. Staðan í umsóknartölum – áætlun um aðgerðir

Rektor kynnti stöðuna í umsóknum fyrir næsta skólaár. Mikil fjölgun er í umsóknum um skólavist við HA og enn er tæp vika eftir af umsóknarfresti. Viðræður eru í gangi við menntamálaráðuneyti um viðbrögð og úrræði vegna þessarar miklu fjölgunar með það að markmiði að stjórnvöld geri grein fyrir því hvort þau muni veita aukafjármagni til Háskólans á Akureyri svo hægt sé að bregðast við þessari miklu fjölgun nemenda. Nú þegar eru of margir nemendur á hvern starfsmann og ekki mögulegt að taka við svo miklum fjölda nýnema án þess að grípa til aðgerða, í formi aukins fjármagns og fleiri starfsmanna.

Hólmar tók við og fór yfir greiningu á mögulegum aðgerðum og sviðsmyndum vegna stöðunnar.

Miklar umræður sköpuðust um mögulegar aðgerðir og hugsanlegar aðgangstakmarkanir í einstakar námsleiðir.

Háskólaráð telur að hlutverk opinbers háskóla sé að veita öllum jöfn tækifæri til háskólanáms en út frá þeim fjárhagsramma sem stjórnvöld búa stofnuninni. Háskólaráð óskar eftir að deildir háskólans ræði stöðuna sem upp er komin í fjölda umsókna fyrir næsta skólaár. Háskólaráð telur mjög mikilvægt að heildarfjöldi nemenda sé í samræmi við gæðaviðmið skv. stefnu háskólans.

Háskólaráð fagnar þeim mikla áhuga sem nemendur sýna háskólanum þar sem stefnir í metaðsókn í nám við HA haustið 2018 en um 50% fjölgun er á heildarfjölda umsókna og nærri tvöföldun í umsóknum um kennaranám. Það er þó ljóst að háskólaráð þarf að ræða við menntamálaráðuneyti um hvernig þessari auknu eftirspurn verður mætt. Það er von háskólaráðs að ríkisstjórnin sjái hér tækifæri til að efla aðgengi að háskólanámi á landinu öllu svo ekki þurfi að grípa til almennra aðgangstakmarkana í nám við Háskólann á Akureyri.

4. Erindi frá vefstjórn

Lagt fram til kynningar erindi frá vefstjórn um kaup á nýrri vefþjónustu. M.a. er um að ræða GDPR lausn sem uppfyllir kröfur nýrra persónuverndarlaga.

5. Reglur um doktorsnám

1805029

Lögð fram drög að reglum um doktorsnám. Reglurnar hafa farið í umfjöllun hjá gæðaráði og fyrir liggja nokkrar athugasemdir frá gæðaráði sem nefndin á eftir að taka afstöðu til.

Háskólaráð samþykkir drögin að reglunum með þeim fyrirvara um að reglurnar gætu tekið lítils háttar breytingum í kjölfar athugasemda gæðaráðs. Jafnframt er óskað eftir því að doktorsnámsnefndin skoði hvort ástæða sé til að sett séu tímamörk á skil nemenda á beiðni um áfangamat (14. gr. reglnanna). Óskað eftir skýringum á því hvers vegna ekki er tekið fram tungumál doktorsverkefnis.

Björn yfirgaf fundinn kl. 16:25.

6. Hug- og félagsvísindasvið – staðan

Rektor gerði grein fyrir stöðu mála á hug- og félagsvísindasviði. Núverandi sviðsforseti mun færast í nýtt starf forstöðumanns Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna. Ekki verður auglýst eftir nýjum sviðsforseta fyrr en sviðið hefði farið í gegnum endurskoðun og endurskipulagningu. Þetta ferli mun taka næstu 12-18 mánuði. Ráðinn verður inn aðili, annað hvort til að styðja við staðgengil forseta eða að ráðinn verði inn stjórnandi sem stýrir sviðinu í gegnum þessar breytingar. Rektor leggur fram lokatillögu um fyrirkomulagið á fundi háskólaráðs í júní.

7. Brautskráning 2018

1706021

Rektor minnti á breytt fyrirkomulag brautskráningar; framhaldsnemar útskrifast 8. júní og diploma- og grunnnemar útskrifast þann 9. júní. Heiðursgestur á háskólahátíð verður Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

8. Mál til kynningar

- **Aðstaða til próftöku á fjarstöðum**
Gögn lögð fram til kynningar.
- **Ferlar HA og vefir**
Gögn lögð fram til kynningar.
- **Kennslukerfi – Canvas**
Gögn lögð fram til kynningar.
- **Stofnun ársins 2018**

Rektor vakti athygli háskólaráðsfulltrúa á niðurstöðum í starfsánægjukönnunum ríkisstarfsmanna, Stofnun ársins, en

niðurstöðurnar eru aðgengilegar á heimasíðu SFR. Ítarlegri kynning á niðurstöðum mun verða á síðar.

9. Önnur mál

- Hermína óskaði eftir umræðu um verklag innan HA vegna ferða starfsfólks á vegum háskólans: starfsfólk bókar og greiðir sjálft fyrir ferðir erlendis. Rektor benti á að verklagið innan skólans er í endurskoðun en að stéttarfélagin þurfi að taka til skoðunar hvernig tryggingum starfsfólks hjá ríkinu er hagað á ferðalögum erlendis.
- Hermína benti á að tryggja þurfi að starfslýsingar séu til fyrir öll störf og að staða starfsmanna í skipuriti sé skýr. Einnig þarf að gæta þess að allir verkferlar innan skólans séu skýrir og aðgengilegir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.